

Greiðslur í sjóðinn miðast við 55% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlingsafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júlí til 31. október 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlingsafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júlí til 31. október 1977:

Mjöl, \$ 6,45 á próteineiningu í lest,

Lýsi, \$ 450,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður 15%.

Verðin miðast við Cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 194,50.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 55% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júlí til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júlí til 31. desember 1977:

Fiskmjöl, \$ 7,10 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, § 1 = 194.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði. Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1977:

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1	kr. 425,00
Millifiskur nr. 1	— 400,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 340,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 315,00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Söltuð ufsaflök:

15/20 FF	kr. 419,00
15/20 AB	— 364,00
21/25 FF	— 407,00
21/25 AB	— 352,00
26/30 FF	— 395,00
26/30 AB	— 340,00
31/35 FF	— 383,00
31/35 AB	— 328,00
36/40 FF	— 371,00
36/40 AB	— 316,00

Verð þessi eru C. i. f. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.